

AUGLÝSING

um gildissvið loftflutningasamnings milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins
Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Konungsríkið Swaziland, áður hluti af brezka heimsveldinu, hefur lýst því yfir í orðsendingu dags. 10. nóvember 1970, að það telji sig ekki lengur bundið af ákvæðum loftflutningasamningsins milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem undirritaður var hinn 26. maí 1950, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum A nr. 7/1951.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.